



Reykjavík, 20. ágúst 2018
VEL2018070001
4.5

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
b/tHelgi Grímsson
Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Ósk um umsókn velferðarsviðs um tillögu um stöðu skólasálfræðinga - SFS2018060303

Á fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018, var lagt fram minnisblað dags. 9. ágúst 2018, vegna umsagnar velferðarsviðs um tillögu um stöðu skólasálfræðinga.

Velferðarráðsfulltrúar Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks, og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Flokks Fólksins taka undir umsögn velferðarsviðs og niðurstöðu þess. Samþætting skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum er mikilvæg til að veita fjölskyldum áhrifaríka og heildstæða þjónustu, bæði í skóla og heima þar sem við á og því tökum við undir að ekki sé ráðlegt að færa þjónustu sálfræðinga beint inn í skólana. Markmiðið er að draga úr biðtíma eftir greiningu barns sem getur valdið óþægindum og ýtt undir erfiðleika. Við tökum því undir þá hugmynd að fjölga stöðugildum sálfræðinga. Það myndi efla þjónustuna og stytta biðtíma, sérstaklega ef aðstaða sálfræðinga til vinnu í skólunum er bætt samhliða.

Greinargerð fylgdi.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:
Umsögn með greinargerð.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 09. 08. 2018
VEL2018070001
335. fundur
RÁ/kg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 17. ágúst 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn velferðarsviðs um tillögu um stöðu skólasálfræðinga.

Forsaga:

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs, þann 27. júní 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokk fólksins;

Lagt er til að skólar verðir valdefldir með þeim hætti að þeir ráði sjálfir til sín skólasálfræðinga sem hafa skulu aðsetur í skólum og taka við verkbeiðnum frá nemendaverndarráðum. Í lögum segir að hver skólasálfræðingur skuli vera í hverjum grunnskóla og að börn skuli hafa aðgang að sérfræðipjónustu þar á meðal sálfræðipjónustu. Gert skal ráð fyrir að hver skóli fái nægjanlegt fjármagn til að hafa í það minnsta sálfræðing í 40% starfshlutfalli.

Greinargerð fylgdi:

Skóla- og frístundasvið óskaði eftir umsögn velferðarsviðs um tillöguna.

Greinargerð:

Velferðarsvið fagnar tillögu um aukinn fjölda stöðugilda sálfræðinga í grunnskólum Reykjavíkurborgar en telur vænlegra til árangurs að halda áfram á þeirri braut að samþætta þjónustu sálfræðinga annarri þjónustu á vegum þjónustumiðstöðva í hverfum í stað þess að hver skóli ráði til sín sálfræðinga í 40 % starfshlutfall. Með innleiðingu samræmds verklags í skólaþjónustu og aukinni áherslu á viðveru sérfræðinga í skólunum telur sviðið að að hægt sé að mæta betur ákalli um að hafa þjónustu nær vettvangi.

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar tóku formlega til starfa 1. júlí 2005 og voru fyrst um sinn fimm talsins þar sem þjónustumiðstöðin í Árbæ var rekin sem útibú frá þjónustumiðstöð Breiðholts til 1. apríl 2006, en þá sem sjálfstæð þjónustumiðstöð. Skv. samþykkt um stofnun þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar eru hlutverk þeirra eftirfarandi.

- Að þjónustan verði aðgengilegri og íbúar geti snúið sér á einn stað með erindi sín.
- Að veita markvissari þjónustu með samþættingu verkefna.

- Að efla félagsauð í hverfum, auka samstarf við íbúa, frjáls félagasamtök og aðra þá sem sinna grasrótastarfsemi í hverfunum.
- Að búa borgina undir framtíðina, meðal annars til þess að hún geti tekið við fleiri verkefnum frá ríkinu.

Í dag eru þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs fimm talsins með sameiningu þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar annarsvegar og Miðborgar og Hlíða árið 2016.

Við stofnun þjónustumiðstöðva gerði þjónustu- og rekstrarsvið þjónustusamninga um þau verkefni sem færðust frá velferðarsviði, menntasviði, leikskólasviði og íþrótta- og tómstundasviði. Samkvæmt þeim skyldu fagsviðin annast stefnumótun og eftirlit með framkvæmd á umsömdum verkþáttum hjá þjónustumiðstöðvunum. Frá árinu 2005 hefur verið unnið á grundvelli þjónustusamninganna en þeir voru endurskoðaðir árið 2008. Vegna skipulagsbreytinga færðust verkefnin yfir til velferðarsviðs þegar þjónustu- og rekstrarsvið var lagt niður árið 2007.

Markmið skóla- og frístundapjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist börnum/nemendum og foreldrum þeirra sem best í starfi dagforeldra og í skóla- og frístundastarfi. Þjónustan tekur annars vegar til stuðnings við börn/nemendur hjá dagforeldrum, í leik- og grunnskólum og frístundastarfi og foreldra þeirra og hins vegar til stuðnings við starfsemi dagforeldra, skóla- og frístundastarfs og starfsfólks þeirra. Hún beinist að því að efla faglega starfsemi daggæslu, skóla- og frístundar Markmiðið er veita starfsfólki skóla og frístundastarfs leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á þannig að það geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skóla- og frístundastarfi

Hlutverk velferðarsviðs er því á grundvelli þjónustusamninganna að annast framkvæmd skóla- og frístundapjónustu á grundvelli laga um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerðar um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og í samræmi við stefnumótun skóla- og frístundaráðs um frístundapijónustu samkvæmt samþykktum þar um. Auk þessa veitir velferðarsvið dagforeldrum ráðgjöf, stuðning og fræðslu á grundvelli reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Framkvæmd skólapijónustu

Velferðarsvið sinnir skólapijónustu í umboði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar á grundvelli þjónustusamnings. Í dag sinna starfsmenn í tæplegar 58 stöðugildum skólapijónustu við leik- og grunnskóla. Þá eru ekki meðtalin stöðugildi félagsráðgjafa sem sinna skólapijónustu innan þjónustumiðstöðva en þau stöðugildi eru a.m.k. eitt á hverri þjónustumiðstöð. Auk þess hefur velferðarsvið bætt við fjármagni svo hægt sé að sinna hinum ýmsu námskeiðum fyrir börn og foreldra s.s. PMTO. Stöðugildi sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum eru rúmlega 23 talsins en tafla 1 sýnir nánar stöðugildi í skólapijónustu og fjölda leik- og grunnskóla eftir þjónustumiðstöðvum sem og fjölda nemenda.

Tafla 1. Stöðugildi í skólajónustu, stöðugildi sálfræðinga, fjöldi leik- og grunnskóla og fjöldi barna.

Þjónustumiðstöð	Stöðugildi í skóla-þjónustu*	Stöðugildi sálfræðinga	Fjöldi leik-skóla	Fjöldi barna	Fjöldi grunn-skóla	Fjöldi barna
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	12.10	5.15	25	1.781	14	4.012
Laugardalur og Háaleiti	10.0	4.0	17	1.521	10	3.554
Breiðholt	14.15**	5.35	12	1.011	5	2.347
Árbær	8.80	4.20	12	1.045	7	2.740
Grafarvogur og Kjalarnes	12.35	4.40	13	1.032	9	2.294
Samtals	57.40	23.10	79	6.390	45	14.947

* án frístundaráðgjafa, daggæsluráðgjafa, PMTO en með talmeina- og hegðunarráðgjöfum

** meðtalið er 1 stöðugildi kennsluráðgjafa fyrir börn af erlendum uppruna, sem starfar þvert á þjónustumiðstöðvar.

Sálfræðingar sem sinna grunnskólunum skipta almennt með sér skólunum eftir stærð og fjölda tilvísana frá hverjum skóla og því er áætlaður tími sálfræðings við hvern skóla misjafn. Sálfræðingar sinna almennu tengiliða- og ráðgjafastarfi við þá skóla sem þeir eru með, sinna forathugunum, frumgreiningum, samráðsfundum s.s. lausnarteymisfundum og nemendaverndarráðsfundum. Mál sem þarfnast nánari greiningar og ítarlegra sálfræðimats eru tekin fyrir sérstaklega á fundum sálfræðinga til að tryggja og gæta jafnræðis í þjónustu við öll börn í hverfinu. Slíkt skapar frekar tækifæri til ákveðinnar sérhæfingar innan þjónustumiðstöðva til að sinna ákveðnum sérverkefnum og greiningum. Ákveðin verkefni eins og t.d námskeið og fræðsla er einnig þvert á skólana og hverfin, einnig til að tryggja jafnræði fyrir börn, foreldra og skóla í hverfinu og milli hverfa.

Tafla 2. Stöðugildi sálfræðinga sem sinna grunnskólum, fjöldi grunnskóla og nemanda og hlutfall stg. á skóla.

	Stöðugildi sálfræðinga í grunnskólum	Fjöldi grunnskóla	Fjöldi nemenda	Hlutfall stg. á skóla
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	3.15	14	4.012	0.22
Laugardalur og Háaleiti	3.00	10	3.554	0.30
Breiðholt	3.55	5	2.347	0.71
Árbær	2.75	7	2.740	0.28
Grafarvogur og Kjalarnes	3.15	9	2.294	0.35
Samtals	15.60	45	14.947	1.86

Í töflu 2 má sjá stöðugildi sálfræðinga sem sinna aðallega grunnskólum, fjölda grunnskóla, fjölda nemenda og hlutfall stg. á skóla eftir hverfum og fjölda nemenda. Tekið skal fram að skiptingin er ekki meitluð í stein og ræðst af stöðu verkefna og þörf hverju sinni. Ef tryggja ætti öllum grunnskólum borgarinnar 0.4 stg. sálfræðinga í hvern skóla þyrfi að fjölga stöðugildum sálfræðinga um 2.4. Áætlaður kostnaður yrði um 25 mkr. á ári.

Þjónustumiðstöðvar taka þátt í samstarfsteimum með heilsugæslu hverfanna, Barna- og unglingageðdeild og Barnavernd. Sálfræðingur er með fasta viðveru í teyminum,

vísa málum í teymið og fylgja þeim eftir. Á komandi skólavetri er fyrirhugað samstarf á vettvangi námskeiðahalds og skimunar nemenda í 9. bekk fyrir kvíða- og depurðareinkennum. Sálfræðingar eiga einnig náið samstarf við BUGL og GRR vegna sameiginlegra skjólstæðinga. Einnig hafa sálfræðingar skilafundi í öðrum hverfum, ef barn með sérþarfir skiptir um leik- eða grunnskóla og er málinu þá einnig fylgt eftir til viðkomandi þjónustamiðstöðvar. Þá tekur skólaþjónusta þjónustumiðstöðvanna og þar með sálfræðingarnir virkan þátt í samstarfi við aðrar stofnanir eins og frístundamiðstöðvar, lögreglu ofl. Þegar upp koma hverfistengd vandamál hópa barna eða unglunga og eiga gjarnan frumkvæði að slíku samstarfi til þess að vinna að heilbrigðara og eðlilegra ástandi innan viðkomandi hóps.

Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir grunnskóla flokkaða eftir hverfum borgarinnar. Á þjónustusvæði þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er fjöldi sjálfstætt starfandi grunn- og leikskóla sem þjónustumiðstöðin sinnir sem viðbót við aðra skóla án þess að til hafi komið viðbótarfjármagn frá skóla- og frístundasviði.

Eins og fram kemur í töflu 3 höfðu 22% þeirra barna sem vísað var til skólaþjónustu árið 2017 fengið aðra þjónustu eða úrræði en skólaþjónustu á árinu. Sú niðurstaða gefur vísbendingu um þá samþættingu sem hefur orðið á þjónustupáttum innan þjónustumiðstöðvanna.

Tafla 3. Fjöldi barna sem vísað var til skólaþjónustu árið 2017 og fékk aðra þjónustu/umfjöllun velferðarsviðs á árinu (einungis mál sem skráð eru á börn ekki foreldra).

Þjónusta árið 2017	Fjöldi barna
Til umfjöllunar hjá Barnavernd	258
Stuðningurinn heim – uppeldisráðgjöf ^(stuðningur sem veittur er á heimili fjölskyldu í ákveðinn tíma)	38
Umönnunarmat - fötluð börn	37
Persónulegur ráðgjafi	33
Stuðningsfjölskyldur	22
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn	19
Ferðaþjónusta fatlaðs fólks	16
Liðveisla	11
Uppeldisráðgjöfin heim	11
Vistheimili	10
Skammtíma vistanir fyrir fötluð börn	7
Unglingasmiðjur	7
Samtals fjöldi barna (sum börn fá fleiri en eina tegund þjónustu).	355

Deild gæða- og rannsókna á velferðarsviði birti í maí 2018 kortlagningu á þjónustu við börn forráðamanna með fjárhagsaðstoð til framfærslu 6 mánuði eða lengur. Þar kom m.a. fram að börn 16,7% forráðamanna hafa fengið þjónustu skólaþjónustu Reykjavíkurborgar með tilvísun, viðtalsbeiðni eða viðbragðsteymi árið 2016. Þá höfðu börn 7% forráðamanna fengið greiningu hjá skólaþjónustunni á árinu 2016.

Reykjavíkurborg hefur á síðastliðnu ári eflt skólaþjónustuna með ráðningu hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga á allar þjónustumiðstöðvar. Einnig hefja tvö

farþeymi störf í haust. Verið er að koma á teyðum innan skólanna, með fulltrúum skólaþjónustunnar, sem eiga að styðja starfsfólk skóla á vettvangi. Mikil áhersla er lögð á, bæði af skóla- og frístundasviði, sem og velferðarsviði að starfsmenn skólaþjónustu grunnskóla verji vinnutíma sínum á vettvangi skólans í eins miklum mæli og kostur er sem og að draga úr sálfræðilegum greiningum. Samræmt verklag hefur verið innleitt á þjónustumiðstöðvum með áherslu á forathuganir og snemmtæka íhlutun. Í haust er ráðgert að auka enn frekar fjármagn til að mæta þjónustu við þau börn sem beðið hafa eftir frumgreiningum sálfræðinga. Einnig hefur verið áhersla á að auka viðveru sálfræðinga og annarra starfsmanna skólaþjónustu í skólum með þátttöku í lausnarþeymum og til að auðvelda kennurum, foreldrum og nemendum aðgengi að þjónustunni.

Niðurstaða:

Í þjónustu við börn og foreldra er mikilvægt að þjónusta sé samfelld, heildstæð og óháð staðsetningu, hvort sem er í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi. Slíkar áherslur er bæði að finna í lögum um grunnskóla 91/2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 584/2010 og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Þá fellur það fyrirkomulag einnig vel að þeim markmiðum sem sett voru með stofnun þjónustumiðstöðva.

Með því fyrirkomulagi að skólastjórar ráði sjálfir til sín skólasálfræðinga með aðsetur í skólunum felst sú áhætta að samfella og heildstæð þjónustunálgun tapist. Innan þjónustumiðstöðva eru starfrækt þverfagleg teymi sem ætlað er m.a. að tryggja að hægt sé að veita börnum þá þjónustu sem þau þurfa á grundvelli heildarmyndar af stöðu þeirra, bæði einstaklingsbundinnar og félagslegrar.

Það er mat velferðarsviðs að sú tillaga sem lögð er fram um að tryggja skólum aukna sálfræðiþjónustu sé mjög jákvæð. Með fjölgun sálfræðinga innan þjónustumiðstöðva gætu sálfræðingar í auknum mæli farið að sinna börnum sem þarfnast sálfræðilegrar meðferðar við vægum sálrænum erfiðleikum sem trufla aðlögun og getu þeirra til að sinna námi eins og t.d. kvíða, skólaforðun, slakrar félagsfærni og vægum einkennum depurðar.

Sérfræðingar velferðarsviðs telja að það fyrirkomulag sem nú er við lýði um framkvæmd skólaþjónustu sé best til þess fallið að tryggja samþættingu félags- og skólaþjónustu við veitingu heildrænnar þjónustu. Þannig geti þjónustukerfið komið betur til móts við börn og fjölskyldur sem heild heldur en að sálfræðingar séu starfsmenn hvers skóla fyrir sig.

Tekið skal fram að ekki eru heimildir í fjárhagsramma velferðarsviðs til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem tillögunni fylgir.

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fjölda skóla og nemenda flokkaðir eftir hverfum.

Skóli	Fjöldi skóla				Fjöldi barna			
	Almennir grunnskólar	Sérskólar	Sjálfstætt starfandi	Fjöldi skóla alls	Almennir grunnskólar	Sérskólar	Sjálfstætt starfandi	Fjöldi barna alls
Austurbæjarskóli	1			1	416			416
Barnaskóli Hjallastefnu, Reykjavík			1	1			114	114
Brúarskóli		1		1		30		30
Grandaskóli	1			1	341			341
Hagaskóli	1			1	546			546
Háteigsskóli	1			1	451			451
Hlíðaskóli	1			1	471			471
Klettaskóli		1		1		130		130
Landakotsskóli			1	1			236	236
Melaskóli	1			1	631			631
Skóli Ísaks Jónssonar			1	1			199	199
Suðurlíðarskóli			1	1			43	43
Tjarnarskóli			1	1			54	54
Vesturbæjarskóli	1			1	350			350
	7	2	5	14	3.206	160	646	4.012
Breiðagerðisskóli	1			1	379			379
Fossvogsskóli	1			1	374			374
Háaleitisskóli - Álfmýri	1			1	355			355
Háaleitisskóli - Hvassaleiti	1			1	188			188
Langholtsskóli	1			1	641			641
Laugalækjarskóli	1			1	314			314
Laugarnesskóli	1			1	514			514
Réttarholtsskóli	1			1	400			400
Vogaskóli	1			1	316			316
Waldorfskólinn Sólstafr			1	1			73	73
	9		1	10	3.481		73	3.554
Breiðholtsskóli	1			1	390			390
Fellaskóli	1			1	350			350
Hólabrekkuskóli	1			1	503			503
Seljaskóli	1			1	643			643
Ölduselsskóli	1			1	461			461
	5			5	2.347			2.347
Árbæjarskóli	1			1	635			635
Ártúnsskóli	1			1	189			189
Dalskóli	1			1	237			237
Ingunnarskóli	1			1	394			394
Norðlingaskóli	1			1	594			594
Selásskóli	1			1	229			229
Sæmundarskóli	1			1	462			462
	7			7	2.740			2.740
Foldaskóli	1			1	503			503
Hamraskóli	1			1	149			149
Húsaskóli	1			1	166			166
Kelduskóli - Korpa	1			1	67			67
Kelduskóli - Vík	1			1	300			300
Klébergsskóli	1			1	121			121
Rimaskóli	1			1	507			507
Vættaskóli - Borgir	1			1	196			196
Vættaskóli - Engi	1			1	285			285
	9			9	2.294			2.294
	37	2	6	45	14.068	160	719	14.947